


05.25



Á ferð um Austurland

Eftir velheppnað vorþing á Seyðisfirði skiptu þingkonur Kvennalistans liði og hófu yfirreið um miðbik Austurlands. Jóna Valgerður og Ingibjörg Sólrun skoðuðu margt það markverðasta á Egilsstöðum mánudaginn 1. júní og Jóna Valgerður fór til Stöðvarfjarðar, Breiðdalsvíkur og Fáskrúðsfjarðar á þriðjudeginum í fylgd Salóme Guðmundsdóttur úr Austfjarðaanga. Anna Ólafsdóttir Björnsson og undirrituð héldu til Neskaupsstaðar á mánudeginum og heimsóttu Reyðarfjörð og Eskiðjörð á þriðjudeginum.

Við Anna hófum ferðina í bíðviðri á Egilsstöðum en ókum inn í niðdimma Austfjarðapokuna sem huldi fjallasýn. Þegar til Neskaupsstaðar kom byrjuðum við á því að fara á skrifstofur Sildarvinnslunnar þar sem við spjölluðum góða stund við starfsfólk um stöðu sjávarútvegsins og fiskveiðistefnuna. Þá fórum við í fylgd Finnboga Jónssonar framkvæmdastjóra að skoða saltfiskverkunina og loðnubræðsluna, en frystihúsið varð að bíða þar til síðdegis. Í hádeginu snæddum við með bæjarstjóranum Guðmundi Bjarnasyni, fjármálastjóra og oddvitum Norðfjarðarsveitar og Mjóafjarðar sem þar voru á fundi. Á borðum var sá nýuppgötvaði fiskur búri sem er mjög góður. Undir borðum var skipst á skoðunum um sveitastjórmarmál og stjórmarmál. Oddviti Norðfjarðarsveitar vildi meina að bæjarstjórinna í Neskaupstað veitti forsætisráðherra harða samkeppni í humor og völdum. Við ræddum um áhrif EES samningsins á sveitarstjórmirnar, en þau hafa ekkert verið könnuð svo vitað sé. Samningurinn kemur m.a. inn á mengunarvarnir, frárennsli og sorphirðu og mun því valda nokkrum kostnaði fyrir sveitarstjórnir landsins.

Spítali og skóli

Eftir hádegi heimsóttum við spítalann í fylgd Kristins Ívarssonar framkvæmdastjóra. Í sjúkrahúsbyggingunni rúm-

ast sjúkradeildir, heilsugæslustöð staðarins og elliheimilið auk þess sem spítalinn tengist íbúðum aldraðra.

Fjórðungssjúkrahúsið í Neskaupsstað þjónar öllu Austurlandi, en þar eins og annars staðar er glímt við niðurskurð, skort á hjúkrunarfræðingum og minni sértekjur en gert hafði verið ráð fyrir. Deildum verður ekki lokað í sumar enda er spítalinn sá eini á stóru svæði.

Þá lá leiðin yfir í Verkmenntaskóla Austurlands, þar sem við hittum fyrir skólameistarann Albert Einarsson. Á þeim bæ er margt um nýjar hugmyndir t.d. hefur verið rekinn farskóli, skólinn hefur farið fram á að fá að prófa nýtt fyrirkomulag iðnmenntunar og hugmyndir eru uppi um starfsmenntun í atvinnulífinu í samráði við ýmsa aðila. Þá hefur skólinn fengið nýja heimavist sem ráðgert er að gera að eins konar sumarbúðum fyrir námskeiðahald og annað sem kann að freista á hinum fögru Austfjörðum.

Að lokum heimsóttum við Anna frystihúsið rétt undir lok vinnudags þar sem ufsi var snyrtur og pakkaður í óða önn. Yfirverkstjórin Ásdís Pálsdóttir sagði að vinna hefði verið stóðug í allan vetur og pakkaði það sjölbreytri vinnslu. Í frystihúsinu vinna allmargir útlendingar en nú ber svo við að illa gengur að endurnýja atvinnuleyfin fyrir þá vegna vaxandi atvinnuleysis í landinu. Það er hins vegar reynsla þeirra fyrir austan að þótt staðbundið atvinnuleysi sé á landinu, kemur fólk ekki austur, fer jafnvel ekki á milli fjarða.

Þyrmir yfir þingkonur

Síðla dags ókum við aftur til Egilsstaða á lúscarhraða, því Anna varð hreinlega að liggja fram á stýrið og rýna í pokuna til að sjá veginn. Á leiðinni bárust okkur þær fréttir úr útvarpinu að útlit væri fyrir gifurlega aflaskerðingu á næsta ári og verður ekki annað sagt en að þyrmr hafi yfir okkur nýkomnar úr plássi sem á afar mikið undir sjávarútvegi.

Næsta dag lá leiðin til Reyðarfjarðar. Veðrið var orðið mun betra og nú sáum við tigmargleg fjölin og vatnsagann niður allar hlíðar í vorleysingunum. Á Reyðarfirði heilsuðum við fyrst upp á Guðrúnu Jónsdóttur Kvennallstakonu á fræðsluskrifstofunni, en héldum síðan á hreppsskrifstofuna þar sem nokkrir heimamenn biðu okkar, þar á meðal hreppsnefndarmenn, heilbrigðisfulltrúinn og skólastjóri staðarins. Hreppsskrifstofan er til húsa í öðrum enda leikskólans og var okkur tjáð að þarna væri mætt eldri deild leikskólans. Það

var gott hljóð í Reyðarfirðingum þótt menn væru mjög hugsandi vegna válegra tilinda. Atvinnuástand er nú gott á Reyðarfirði eftir nokkuð atvinnuleysi í vetur. Menn eru að huga að ferðapjónustu og hafa t.d. boðið upp á laxveiðar fyrir almenning í litlu vatni við bæinn. Eftir spjallið á skrifstofunni fórum við af stað í fylgd Þórodds Helgasonar skólastjóra og Sigurbjörns Marinóssonar kennara.

Kvennafyrirtækíð KK

Við skoðuðum fyrst grunnskólann, en hann verður að teljast draumastaður fyrir kennara, því árgangar eru litlir og aðstæður allar góðar í nýjum húsakynnum. Nokkur fyrirtæki eru í matvælaiðnaði og skoðuðum við þrjú þeirra. Eitt er kvennafyrirtækíð KK sem framleiðir álegg, sild, grafinn lax, kæfu o.fl. sem hlotið hefur mjög góðar viðtökur fyrir austan. Annað heitir Austmat og er í hvers kyns framleiðslu á unnum kjötvörum. Þriðja fyrirtækíð er svo bakarí sem framleiðir brauð og kökur fyrir stórt svæði. Við heimsóttum líka frystihús staðarins, en að baki þess er einn togari. Þegar við komum í húsið var mikill hiti í konunum, því hráefnið sem þær voru að vinna - smáýsa - var aldeilis hroðalegt. Ef petta er fiskurinn sem veiddur er þá undrast ég ekki ástand fiskistofnanna. Auk þess voru konumar óánægðar með að þær sem snyrtu og völdu bestu bitana fyrir Englandsmarkað fengu 100 kr. á tímann í bonus meðan þær sem pökkuðu í neytendapakkningar fengu 300 kr.

Æskulýður án vandræða

Í hádegini brunuðum við til Eskifjarðar þar sem bæjarstjórinn Arngrímur Blöndal bauð okkur í mat. Hann fræddi okkur um ástand málá í bænum, en Eskifjörður er mun háðari einu stóru fyrirtæki en hinir staðirmir. Því mátti heyra á heimamönnum hve áhyggjufullir þeir voru vegna fréttanna af ástandi fiskistofnanna. Þar að auki stendur Frystihús Eskifjarðar mjög illa fjárhagslega, skuldar 1,5 milljarð króna. Eftir matinn bættist forseti bæjarstjórnar Jón Ingi Einarsson sem jafnframt er skólastjóri staðarins í hópinn. Við spjölluðum saman um stund, en síðan hófst skoðunarferð um bæinn. Fyrst heimsóttum við æskulýðsmiðstöðina í gamla barnaskólanum sem þykir hafa tekist afar vel og eru unglingsvandamál með allra minnsta móti á Eskifirði. Næst skoðuðum við rækjuvinnslu staðarins þar sem fagurrauð rækjan skoppaði gegnum vélarnar, þannig að manns höndin kom varla nærrí. Síðast fórum við á elliheimilið, en í því

er sjúkradeild og íbúðir aldraðra. Skortur á hjúkrunarfræðingum veldur vandræðum þar á bæ. Þama hittum við elstu konu bæjarins 101 árs sem sat teinrétt í stól og horfði út á spegilsléttan fjörönn. Uppi á vegg hékk stór mynd af fjölskyldu hennar sem tekin var upp úr aldamótum.

Á leiðinni til Egilsstaða komum við aftur við á fræðsluskrifstofunni á Reyðarfirði. Fræðslustjórinn bar sig vel og sagði að mun auðveldara væri að manna kennarastöður en áður.

Austfirkska efnahagssvæðið

Það var afar fróðlegt að kynnast því hvernig Austfirðingar dreifa ýmsum opinberum stöðum milli fjarða og héraðs og virðist það ekki standa starfseminni fyrir þrifum. Sem dæmi má nefna að heilbrigðisfulltrúinn sem við hittum á Reyðarfirði sér um allt Austurland, sérkennslufulltrúi býr á Hallormsstað, fræðsluskrifstofan er á Reyðarfirði svo sem áður segir, Byggðastofnun er á Egilsstöðum og fleira mætti nefna. Albert Einarsson skólameistari nefndi þá hugmynd að mynda þyrfi austfirkskt efnahagssvæði AES, þannig að íbúar Austurlands horfðu á sitt svæði og möguleika þess í heild og svöruðu þannig þrengingum og breyttum aðstæðum í landinu, ef ekki í Evrópu.

Eins og sjá má af þessari frásögn voru það mikið til karlmenn sem kynntu okkur staðina og verður ekki annað sagt en að þeir hafi tekið okkur með kostum og kynjum. Þeir kvörtuðu yfir því hve konur væru tregar til að taka þátt í sveitarstjórmarmálum, þær vildu ekki bjóða sig fram en væru fúsari til að sinna nefndarstörfum. Petta er mjög svo umhugsunarvert fyrir okkur Kvennalistakonur sem aðrar konur, því þegar allt kemur til alls standa sveitarstjórmarmálin nær daglegu lífi okkar en landsmálin og þar er auðveldara að hafa áhrif!

Öll var ferðin hin fróðlegasta og því verður vart með orðum lýst hve nauðsynlegt það er fyrir þingmenn að fara um landið, sjá ástandið og heyra hljóðið í fólk. Við Anna þökkum fyrir og erum þegar farnar að hugleiða næstu ferð.

Kristín Ástgeirs dóttir

Leiðréttинг:

Nafn Ásgerðar Pálsdóttur, Geitaskarði, fíll niður af lista yfir fulltrúa Kvennalistans, sem bírtist í síðasta tölublaði. Ásgerður er í nefnd um ný umdæmi sveitarfélaga.



Austurlandsreisa II

Eftir að Vorþingi Kvennalistans lauk á Seyðisfirði tóku þingkonur sig til og heimsóttu sveitarfélög á Austurlandi eftir því sem tími vannst til. Anna og Kristín Ástgeirs fóru til Neskaupsstaðar, Eskifjarðar og Reyðarfjarðar, eins og sagt var frá í síðasta tölublaði, en það kom í minn hlut og Ingibjargar Sólrunar að heimsækja Egilsstaðabæ í fylgd með Bertu Tulinius.

Birkivín í bigerð

Við byrjuðum á bæjarskrifstofunni, þar sem bæjarstjóri og fleiri tóku á móti okkur og sögðu okkur frá ýmsum framkvæmdum bæjarfélagsins. Þá var farið út fyrir bæinn að landsvæði í einkaeign, sem bærinn er að festa kaup á, en Egilsstaðabær hefur þá sérstöðu, að ríkissjóður á landið, sem bærinn stendur á nú, og sveitarfélagið hefur því engar tekjur af því. Haft var á orði, að á næsta stórafræmæli bæjarins væri vel við hæfi, að ríkið færði bænum landið að gjöf.

Á Egilsstöðum er verið að gera tilraunir með framleiðslu á birkivini. Til þess þarf að safna safa úr birkitrjám, og úti í skóginum mátti sjá flóskur með gúmmislöngu standandi við birkitrén, en gúmmislöngunni var stungið inn í trjástofninn. Þannig siast vökvinn í flóskuna, og þegar slangan er tekin er settur tappi í gatið. Þarna fæst sterkur birkivökvi, sem er síðan notaður til að bragðbæta vinið.

Þjónusta til fyrirmynðar

Við skoðuðum heilsugæslustöðina, þar sem skipulag allrar þjónustu á svíði heilsugæslu og öldrunarþjónustu er til fyrirmynðar, og mættu margir af því læra. Því næst fórum við á

dagheimilið og leikskólann og komumst að raun um, að þar eru engir biðlistar, skólinn annar þörfinni fyrir leikskóla- og dagheimilispláss.

Við heimsóttum Vonaland, heimili fatlaðra. Þar er svæðisstjórnin að flytja í nýtt og fullkomlið húsnæði, þar sem verða skrifstofur og viðtalsherbergi, og ýmis þjálfun mun fara þar fram. Málinningin var tæplega þornuð á veggjunum og starfsfólkíð rétt að byrja að koma sér fyrir, en það hlakkaði greinilega til þess, þegar allt yrði komið í gang.

Að lokum fórum við svo í stærsta gróðurhús landsins, en þar er m.a. verið að rækta trjáplöntur fyrir héraðsskágaverkefnið.

Bjartsýnt fólk á Egilsstöðum

Við komum við á útimarkaðinum, en verið var að opna hann þessa dagana. Þar fæst allt milli himins og jarðar. Sérstaklega er mikil um að vera á svokölluðum ferjudögum, en það er þegar Norræna kemur til Seyðisfjarðar.

Mjög ánægjulegt var að skoða Egilsstaðabæ. Fólk er þar bjartsýnt og ákveðið í að þarna vilji það búa. Atvinna er fyrst og fremst þjónusta, og tekjur bæjarfélagsins eru því ekki eins sveiflukenndar og t.d. gerist í útgerðarbæjunum. Bærinn er einn sá fallegasti á landinu með miklum gróðri, loftið er hreint og tært, og ilmur frá óspunum liggar yfir bænum. Það var reyndar ekki einber hrifning bæjarfulltrúa yfir þeim trjágróðri, þeir sögðu okkur, að rætur aspanna væru svo sterkar, að þær færuru um allt og traðu sér m.a.s. inn í skolpræsakerfi bæjarins og væru eiginlega að eyðileggja það.

Freyjur og fiskvinnsla

Næsta morgun þurfti Ingibjörg Sólrun að sinna nefndarstörfum í Reykjavík, en undirrituð fór ásamt Salóme B. Guðmundsdóttur til Breiðdalsvíkur, Stöðvarfjarðar og Fáskrúðsfjarðar.

Á Breiðdalsvík fór sveitarstjórin fyrst með okkur á Saumastofuna Freyju. Þar stjórnar konur ferðinni og fara varlega í sakimar, ætla ekki að leggja í mikinn stofnkostnað fyrir en markaðsmálin eru öruggari. Þær hafa framleitt ýmislegt áhugavert, t.d. sérlega vel hannaða innkaupapoka og einnig hestaábreiður. Ég hvet alla til að koma þar við og skoða og versla.

Nýlega voru sameinuð stærstu sjávarútvegsfyrtækin á Breiðdalsvík og Stöðvarfjörði, og binda menn vonir við, að það

efli atvinnulíf á stöðunum. Nokkuð er rætt um sameiningu þessara sveitarfélaga og e.t.v. fleiri, en þar eru samgöngur á landi viða þróskuldur. Einnig vilja menn halda í hafnaraðstöðu, sem skiljanlegt er, bæði af fjárhagsástæðum og vegna samgangna.

Lelkskólamál á landsbyggðinni

Á Breiðdalsvík er eitt stærsta verkefni sveitarfélagsins að ljúka byggingu grunnskólans, en framkvæmdir við hann hafa staðið í mörg ár. Frá því að bygging hófst hefur börnum á grunnskólaaldri fækkað um helming, en húsnaðið hafði verið við það miðað. Nú lítur út fyrir að takast megi að ljúka hluta af byggingunni, svo að hægt verði að taka hana í notkun í haust.

Á Stöðvarfirði fengum við leiðsögn Bryndísar Þórhallsdóttur oddvita um þorpið. Frystihúsið var skoðað, grunnskólinn, sem verið er að byggja við, og lítið við á höfninni. Það vakti athygli okkar í þessari ferð, að yfirleitt eru leikskólamál í lagi á landsbyggðinni, þ.e.a.s. þörfinni fyrir leikskólapláss er fullnægt og sjaldnast um neina biðlista að ræða. Ekki var hægt að yfirgefa Stöðvarfjörð án þess að líta við í Steinasafni Petru. Þar hefði verið hægt að dvelja lengi, en tímaleysið var að fara með okkur, því Fáskrúðsfjörður var líka á dagskránni þennan dag.

Ahyggjuefnis er kvótinn

Í Búðakauptíni var farið að bíða eftir okkur í ráðhúsi bæjarins, sem er elsta húsið á staðnum, ákaflega fallegt gamalt hús, sem verið er að gera upp. Þar tóku á móti okkur ungr og áhugasamir menn úr sveitarstjórninni. Eftir spjall um málefni staðarins var haldið í hringferð um bæinn. Nýjustu fréttir um væntanlegan niðurskurð á þorskkvóta, sem þessa dagana birtust í fjölmölum, voru mönnum mikið áhyggjuefni, enda afkomumöguleikar þessara staða mjög háðir sjávarútvegi. Umhverfismál bar nokkuð á góma, m.a. vegna opinnar sorpbrennslu í fjarðarbotnínnum og gamalla húsa úti á nesi hinum megin fjarðarins.

Við vorum þá upplýstar um, að í Fáskrúðsfirði eru 2 sveitarfélög, en Búðakauptún er eiginlega staðsett innan Fáskrúðsfjarðarrepps. Fyrir ókunnuga virðist einsýnt að sameina eigi þessi tvö sveitarfélög í eitt, en áreiðanlega er ýmislegt, sem skilur á milli.

En nú var tíminn að hlaupa frá okkur, því við ætluðum að vera komnar til Egilsstaða fyrir kl. 19.30. Það var því ekki tími til að skoða meira að þessu sinni. Við Salóme vorum ánægðar með ferðina, töldum hana hafa verið bæði fróðlega og skemmtilega. Óskandi að allt væri jafn ánægjulegt í starfi þingmanna. Greinilegt var, að sveitarstjórmarmönnum þótti vænt um heimsóknina. Okkur var als staðar mjög vel tekið og hefðum gjarna mátt hafa meiri tíma á hverjum stað. En við kunnim öllum bestu þakkir fyrir móttökurnar og alla fyrigrreiðslu.

Jóna Valgerður Kristjánsdóttir.

Frá Reykjanesanga

Þessa stundina er framkvæmdaneftind Reykjanesanga skiptuð eftirtöldum sómakonum: Dóru Hlín Ingólfssdóttur, Mosfellsbæ, Hallveigu Thordarson, Kópavogi, Inglbjörgu Bragadóttur, Garðabæ, Önnu Margréti Guðjónsdóttur, Seljavarnes, og Katrínu Pálsdóttur, einnig af Seljavarnes. Kristjana Helðdal hefur gefið kost á sér áfram sem gjaldkeri, okkur öllum til mikillar ánægju. Þökkum við henni fyrir það.

Reykjanesanginn heldur félagsfundir reglulega einu sinni í mánuði yfir vetrartímann. Við reynum að skipta fundum um jafnt milli hinna ýmsu sveitarfélaga angangs, en það er dýrt að leigja húsnæði, og því skiptir miklu, að konur séu duglegar að mæta. Fundarsókn hefur reyndar yfirleitt verið góð og fundirnir afsþyrnu skemmtilegir. Fyrir utan fasta liði, sem eru t.d. fréttir þingkonu angangs frá Alþingi, fáum við oftast góða gesti með áhugaverð erindi. Sigríður Lilly Baldursdóttir kom t.d. á febrúarfundinn og talaði um konur og karla í visindum. Á marsfundinum brýndi Guðrún Agnars okkur í jákvæðum hugsunarhætti og að sofna ekki á verðinum, við bærum öll ábyrgð hvert á öðru og ættum því að styðja og styrkja konur um allan heim. Lára Pálsdóttir, varaformáður Barnahella, kom á aprílfundinn og sagði okkur frá Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna og starfi Barnahella.

Framkvæmdaneftindin tók þá ákvörðun að hætta að senda fundarboð fyrir hvern fund, þar sem það kostar yfir fimm þús. kr., þess í stað eru fundirnir auglýstir í Fréttabréf. inu. Við munum byrja vetrarstarfið með fundi í byrjun september og vonumst til að sjá sem flestar.

Katrín Pálsdóttir.